



# VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAHREPPS



## 8. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps var haldinn fimmtudaginn 12.júlí 2023 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Bjarney Vignisdóttir, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón Bjarnason í forföllum Aldísar Hafsteinsdóttur, sem skráði fundargerð í tölvu. Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Gengið til dagskrár:

### 1. Hita- og vatnsveita í Efra-Langholti.

Veitustjóri kynnti verðkönnun í jarðvinnu við lagningu hita- og vatnsveitu ásamt tilboði frá Set í efni.

Fyrir liggja einingaverð frá verktökum í vinnu við lagnavinnu í Efra-Langholti.

Fögrusteinar ehf

Gröfutækni ehf

Egill Jóhannsson

Undir þessum lið sitja fulltrúar landeigenda Ragnar Sölvi Geirsson og Helgi Kjartansson. Eftir yfirferð verðkönnunar er Egill Jóhannsson með lægstu einingaverð. Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra í samráði við landeigendur að ganga til viðræðna um verkið við Egil Jóhannsson. Veitustjórn í samráði við landeigendur felur einnig veitustjóra og sveitarstjóra að ganga frá samningi um verkið við landeigendur um leið og samningur við verktaka liggur fyrir.

Ævar Eyfjörð Sigurðsson situr hjá við umræðu og afgreiðslu málsins.

### 2. Ás - Hrunalaug. Kalt vatn að Hrunalaug frá Ási

Fyrir liggur fyrirspurn frá landeigendum Áss um kalt vatn að aðstöðuhúsi við Hrunalaug. Umræða var um málið og felur veitustjórn veitustjóra að ræða við landeigendur aðliggjandi jarða um mögulega tengingu við vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Fyrir liggja drög að kostnaðaráætlun um umrædda lagnavinnu ásamt efni til tengingar við aðstöðuhús Hrunalaugar. Veitustjóra falið að vinna málið áfram.

### **3. Vatnstankur á Berghyl – staða mála**

Veitustjóri fór yfir stöðu mála á vinnu við vatnstank á Berghylsfjalli.

Veitustjórn fagnar því að vinna við gerð vatnstanks á Berghylsfjalli sé loksins að klárast.

Fundi slitið kl. 17:44